Ernst & Young

# Eftirlaunasjóður F.Í.A.

## Ársreikningur 2010

Hafnarstræti 5
155 Reykjavík

Kt. 650376-0809

# Efnisyfirlit


Áritun óháðra endurskoðenda .......................................... 1

Skýrsla stjórnar ............................................................... 2

Áritun stjórnar ................................................................. 3

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris .......... 4

Efnahagsreikningur .......................................................... 5

Sjóðstreymi ...................................................................... 6

Skýringar ......................................................................... 7

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs F.Í.A. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

## Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu nr. 13 en hún fjallar um fjárfestingar sjóðsins í Mezzanine sjóðum. Eign þessi er færð í efnahagsreikning sjóðsins að fjárhæð 422 milljónir króna. Óvissa er um eignarhald á undirliggjandi eignum í sjóðunum og dómsmál hefur verið höfðað fyrir héraðsdómi vegna þess.

Reykjavík, 11. apríl 2011

Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young hf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

# Áritun og skýrsla stjórnar

Við gerð þessa ársreiknings var í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár.

Alls greiddu 529 sjóðfélagar hjá 16 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 863,5 milljónum króna, sem er 3,4% hækkun frá fyrra ári, en þá voru iðgjöldin 835,0 milljónir króna.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 684,9 milljónum króna, sem svarar til 1,7% hækkunar frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 149. Á árinu fengu að meðaltali 98 greidd eftirlaun, 26 makalífeyri, 11 örorkulífeyri og 14 barnalífeyri.

Eftirlaunasjóðurinn er þátttakandi í samstarfi þriggja lífeyrissjóða um skiptingu örorkuáhættu sbr. 21. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Engir starfsmenn voru hjá sjóðnum á árinu 2010. NBI hf. (Landsbankinn) annaðist rekstur hans og er framkvæmdastjóri sjóðsins starfsmaður bankans.

Þann 17. mars 2009 var sjóðnum skipaður umsjónaraðili af Fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar Sérstaks saksóknara á meintum brotum sjóðsins á lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins var vikið frá störfum á meðan umsjónaraðili starfaði. Sjóðnum var skilað aftur til stjórnar og framkvæmdastjóra þann 10. júní 2009, án athugasemda. Núna tveimur árum síðar er engin niðurstaða komin í rannsókn Sérstaks saksóknara, engar kærur hafa verið birtar og enginn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur stöðu grunaðs í málinu.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 16.584 milljónum króna í árslok 2010. Á árinu hækkaði hún um 1.317 milljónir króna, eða um 8,6%. Hrein raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs var jákvæð um 4,68%.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu lífeyrisskuldbindingar sjóðsins 31.574 milljónum króna miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti að viðbættum framtíðariðgjöldum nema þær 29.171 milljónum króna, eða sem nemur 7,6% lægri fjárhæð en skuldbindingar

Í árslok 2009 var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 13,6%. Á ársfundi sjóðsins 2010 var tekin ákvörðun um 10% skerðingu áunninna lífeyrisréttinda. Eftir skerðingu var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 7,7%. Staða sjóðsins hefur því batnað um 0,1%.

Eignir sjóðsins standa nú traustum fótum. Minniháttar breytingar á niðurfærslum voru gerðar á eignasafni sjóðsins á árinu og enginn gjaldmiðlasamningur er útistandandi við föllnu bankanna. Helsta óvissan í safni sjóðsins er eign í Landsbanki Mezzanine sjóðunum, en nánari upplýsingar um þá óvissu má finna í skýringu nr. 14.

Á árinu byrjaði sjóðurinn að bjóða upp á þann möguleika að sjóðfélagar gætu greitt annað hvort 4% eða 8% af 20% iðgjaldi sínu til sjóðsins, í viðbótarlífeyrissparnað að eigin vali. Sjóðnum var gert heimilt að skipta iðgjaldinu við samþykktarbreytingar sjóðsins í árslok 2008. Sjóðfélögum, sem þess óskuðu, var því boðið að bakfæra öll iðgjöld ársins 2009 og greiða hluta í viðbótalífeyrissparnað að eigin vali. Í árslok 2010 höfðu 39 sjóðfélagar nýtt sér þennan möguleika.

# Áritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. apríl 2011

Þ. Haukur Reynisson

Sturla Ómarsson

Hlynur Elísson

Guðmundur Pálsson

Kristján Egilsson

Framkvæmdastjóri:

Halldór Kristinsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2010

| Iðgjöld | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 172.590.309 | 168.303.087 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 684.454.975 | 666.691.347 |
| Jöfnun örorkubyrði | | 6.492.060 | 0 |
| | | 863.537.344 | 834.994.434 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 684.963.622 | 673.228.273 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorku | | 0 | 87.000 |
| | | 684.963.622 | 673.315.273 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | (22.181.752) | 892.858 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | 1.158.064.788 | 1.555.828.458 |
| Breytingar á niðurfærslu eigna | 11 | 26.126.317 | (199.237.702) |
| | | 1.162.009.353 | 1.357.483.614 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 7.939.724 | 6.472.915 |
| Vaxtagjöld | | 1.138.299 | 41.001 |
| | | 9.078.023 | 6.513.916 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 14.574.980 | 11.944.742 |
| | | 14.574.980 | 11.944.742 |
| | | | |
| Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu | | 1.316.930.072 | 1.500.704.117 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 15.266.670.098 | 13.765.965.981 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | | 16.583.600.170 | 15.266.670.098 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

## Eignir

| | *Skýr.* | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Húseignir og lóðir | 6 | 16.199.480 | 16.530.082 |
| | | 16.199.480 | 16.530.082 |
| **Aðrar fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 3.294.371.246 | 3.021.626.500 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 6.598.649.415 | 5.392.714.301 |
| Veðlán | | 2.550.439.596 | 2.632.090.981 |
| Bundin innlán hjá lánastofnunum | | 3.960.637.895 | 3.914.587.420 |
| | 7-13 | 16.404.098.152 | 14.961.019.202 |
| **Fjárfestingar** | | 16.420.297.632 | 14.977.549.284 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 62.955.770 | 65.209.438 |
| Aðrar kröfur | 16 | 8.990.039 | 68.421.108 |
| | | 71.945.809 | 133.630.546 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 109.239.905 | 172.335.821 |
| | | 109.239.905 | 172.335.821 |
| **Eignir** | | 16.601.483.346 | 15.283.515.651 |

## Skuldir

| | *Skýr.* | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Inneign launagreiðenda | | 600.051 | 770.253 |
| Aðrar skuldir | 17 | 17.283.125 | 16.075.300 |
| | | 17.883.176 | 16.845.553 |
| **Skuldir** | | 17.883.176 | 16.845.553 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 16.583.600.170 | 15.266.670.098 |

# Sjóðstreymi 2010

| Inngreiðslur | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld | | 859.128.750 | 834.994.434 |
| Fjárfestingartekjur | | 725.242.995 | 833.217.502 |
| Afborganir verðbréfa | | 648.361.089 | 375.201.454 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 1.646.079.304 | 4.302.960.189 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 394.863.112 | 641.711.410 |
| Lækkun á bankainnstæðum | | 5.495.023 | 0 |
| Aðrar inngreiðslur | | 0 | 8.361.372 |
| | | 4.279.170.273 | 6.996.446.361 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 684.752.754 | 670.475.134 |
| Fjárfestingargjöld | | 761.880 | 41.001 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 22.084.250 | 17.121.420 |
| | | 707.598.884 | 687.637.555 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 3.571.571.389 | 6.308.808.806 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 1.813.443.463 | 1.656.876.971 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 1.762.123.842 | 4.495.200.492 |
| Ný veðlán og útlán | | 59.100.000 | 161.000.000 |
| Bundin innlán | | 0 | 44.505.996 |
| | | 3.634.667.305 | 6.357.583.459 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | | (63.095.916) | (48.774.653) |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | | 172.335.821 | 221.110.474 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | | 109.239.905 | 172.335.821 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sjóðinn

Eftirlaunasjóður F.Í.A. starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örokuáhættu lífeyrissjóða" sem NBI hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðsfélaga nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

### Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á, rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðin 65 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún var óháð aldri fram til ársloka 2008 en frá og með 1. janúar 2009 er hún aldurstengd.

Eftirlaunasjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munurinn milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

### Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðunum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum F.Í.A. Þeir einir hafa aðild að þessum sjóði sem eru félagsmenn í Félagi íslenskra atvinnuflugmanna. Félagsmönnum F.Í.A. ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til sjóðsins á móti 16% framlagi atvinnurekenda eða samtals 20% sem kallast lágmarksiðgjald og skulu iðgjöld renna til samtryggingardeildar sjóðsins. Sjóðfélagar hafa þó heimild til þess að ráðstafa allt að 8% af heildariðgjaldi sínu til séreignarsjóðs að eigin vali.

### Fjárvarsla

NBI hf. sér um vörslu og ávöxtun verðbréfasafns sjóðsins.

### Starfræksla sjóðsins

NBI hf. annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2011. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili sjóðnum framtíðarhagnaði og hægt sé að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af bókfærðu verði.

### Áhættustjórnun

Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er sjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrishættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2010 1.342 milljónum króna og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri upphæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 134 milljónir króna.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Óinnheimt iðgjöld í árslok að fjárhæð 62,3 milljónir króna eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi að frádreginni niðurfærslu að fjárhæð 926 þúsund krónur. Við mat iðgjaldakrafna er stuðst við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

# Skýringar

## Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.
Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum og veðlánum auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.
Tekjur af eignarhlutum, vaxtatekjur og gengismunur eru færðar til tekna þegar þær falla til.

## Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins er færður þegar hann fellur til og er skipt á fjárfestingagjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

## Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun og matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga er eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á því sem lægra er af kaupvirði eða áætluðu markaðsvirði.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem til dæmis eru bundin vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afleiðutengd skuldabréf eru færð til eignar á markaðsverði. Skuldabréf fyrirtækja og lánastofnana eru niðurfærð samkvæmt mati um 141,8 milljónir króna í ársreikningi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Sjóðfélagabréf eru niðurfærð samkvæmt mati um 30,7 milljónir króna í ársreikningi.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til lækkunar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 552.790.937 | 556.149.254 |
| Örorkulífeyrir | 58.490.430 | 47.709.866 |
| Makalífeyrir | 61.267.689 | 57.546.022 |
| Barnalífeyrir | 11.329.368 | 10.204.872 |
| Lífeyrir alls | 683.878.424 | 671.610.014 |
| | | |
| Framlag upp í örorkulífeyri skv. örorkusamkomulagi lífeyrissj. ... | 1.085.198 | 1.618.259 |
| | 684.963.622 | 673.228.273 |

## 4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnst. og skammtímakr. | 270.261.316 | 552.782.807 |
| Vanskilavextir af iðgjöldum | 4.701.043 | 3.563.990 |
| Vaxtatekjur af verðbréfum | 461.143.356 | 299.610.117 |
| Verðbætur og gengismunur af verðbréfum | 395.806.132 | 712.998.132 |
| Vanskilagjöld af innheimtubréfum | 1.056.021 | 1.552.231 |
| Gengismunur gjaldeyrisreikninga | 25.096.920 | (14.678.819) |
| | 1.158.064.788 | 1.555.828.458 |

## 5. Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun | 6.563.400 | 5.022.608 |
| Bifreiðastyrkir | 1.422.181 | 1.138.087 |
| Launatengd gjöld | 1.234.688 | 765.069 |
| | 9.220.269 | 6.925.764 |

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og NBI hf. Bankinn annast starfrækslu sjóðsins.

Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Þ. Haukur Reynisson, stjórnarformaður | 1.645.675 | 0 |
| Sturla Ómarsson | 1.193.717 | 0 |
| Kristján Egilsson | 1.925.236 | 0 |
| Guðmundur Pálsson | 604.364 | 505.913 |
| Hlynur Elísson | 604.364 | 505.913 |
| Úlfar Henningsson | 32.300 | 0 |
| Jenna Lilja Jónsdóttir | 64.600 | 0 |
| Victor B. Victorsson | 48.450 | 0 |
| Örnólfur Jónsson | 0 | 1.860.566 |
| Magnús Br. Jóhannsson | 975.362 | 1.395.409 |
| Baldur Þór Bjarnason | 731.516 | 1.395.409 |
| Magnús Friðriksson | 290.000 | 70.675 |
| Helgi Sigurður Skúlason | 144.000 | 42.405 |
| Þorgeir Jónsson | 68.000 | 42.405 |
| | 8.327.584 | 5.818.695 |

Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 2.510.000 | 1.656.751 |
| Gerð ársreiknings | 917.000 | 825.596 |
| | 3.427.000 | 2.482.347 |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir |
|---|---|
| Stofnverð 1/1 | 18.008.717 |
| Afskrifað alls 1/1 | (1.478.635) |
| Afskrifað á árinu | (330.602) |
| Bókfært verð 31/12 | 16.199.480 |
| Stofnverð alls 31/12 | 18.008.717 |
| Afskrifað alls 31/12 | (1.809.237) |
| Bókfært verð 31/12 | 16.199.480 |
| Afskriftarhlutföll | 2% |

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Hlíðarsmári 8 | 8.600.000 | 14.520.000 | 16.199.480 |
| Hlíðarsmári 8, lóð | 1.212.000 | | |
| | 9.812.000 | 14.520.000 | 16.199.480 |

## 7. Verðbréf með breytilegum tekjum

**Verðbréf með breytingum tekjum greinast þannig:**

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Eignarhlutur í innlendum hlutafélögum | 246.675.441 | 26.541.425 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum fjárfestingar- og verðbréfasj. | 2.331.246.286 | 1.873.974.096 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum fjárfestingar- og verðbréfasj. | 716.449.519 | 1.121.110.979 |
| | 3.294.371.246 | 3.021.626.500 |

**Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:**

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skráð félög: | | | |
| Marel Food Systems hf. | Óveruleg | 1.322.000 | 132.200.000 |
| Össur hf. | Óveruleg | 175.000 | 35.525.000 |
| Icelandair Group hf. | Óveruleg | 20.000.000 | 63.000.000 |
| | | 21.497.000 | 230.725.000 |
| Óskráð félög: | | | |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða | Óveruleg | 67.668 | 67.668 |
| Rekstrarfélag Framtakssjóðs Íslands ehf. | Óveruleg | 55.930 | 55.930 |
| Eimskipafélag Íslands ehf. | Óveruleg | 5.636 | 8.464.674 |
| Stoðir hf. | Óveruleg | 7.362.154 | 7.362.154 |
| B-flokkur Bakkavör Group ehf. | Óveruleg | 1.521.876 | 15 |
| C-flokkur Bakkavör Group ehf. | Óveruleg | 54.454.762 | 0 |
| | | 63.468.026 | 15.950.441 |
| Eignarhlutar í innlendum félögum alls | | | 246.675.441 |

# Skýringar

**Hlutdeildarskírteini greinast þannig:**

Innlendir sjóðir:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Sjóðir með hlutabréfum | 295.633.402 | 168.227.075 |
| Sjóðir með skuldabréfum | 1.524.841.414 | 1.113.030.779 |
| Óhefðbundnar fjárfestingar | 510.771.470 | 592.716.241 |
| | 2.331.246.286 | 1.873.974.096 |

Erlendir sjóðir:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Sjóðir með hlutabréfum | 716.449.519 | 985.673.098 |
| Sjóðir með skuldabréfum | 0 | 135.437.881 |
| | 716.449.519 | 1.121.110.979 |
| Hlutdeildarskírteini alls | 3.047.695.805 | 2.995.085.075 |

**Innlendir sjóðir sundurliðast þannig:**

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Landsbanki Nordic 40 | 105.246.546 | 117.336.862 |
| Landsbanki Global Equity Fund | 68.613.435 | 50.890.213 |
| Framtakssjóður Íslands slhf., óskráð | 59.220.000 | 0 |
| Úrvalsbréf Landsbankans | 62.553.421 | 0 |
| | 295.633.402 | 168.227.075 |

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Markaðsbréf meðal | 203.652.309 | 225.173.312 |
| Markaðsbréf löng | 254.290.853 | 225.608.479 |
| Fyrirtækjabréf L.Í., óskráð | 494.755.796 | 456.168.591 |
| Reiðubréf ríkistryggð | 0 | 203.466.135 |
| Landsbanki Diversified Fund, óskráð | 0 | 2.614.262 |
| Sparibréf óverðtryggð | 49.095.000 | 0 |
| Sparibréf verðtryggð | 144.279.593 | 0 |
| Sparibréf löng | 378.767.863 | 0 |
| | 1.524.841.414 | 1.113.030.779 |

Óhefðbundnar fjárfestingar í innlendum sjóðum, óskráðar:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Landsbanki Currency Fund | 1.679.230 | 1.577.052 |
| Landsbanki Absolute Return Strategies | 8.858.409 | 76.675.185 |
| Landsbanki Mezzanine Fund | 11.745.149 | 13.566.007 |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 410.153.728 | 429.452.558 |
| Landsbanki Private Equity II | 78.334.954 | 71.445.439 |
| | 510.771.470 | 592.716.241 |

**Erlendir sjóðir sundurliðast þannig:**

Erlendir sjóðir með hlutabréfum:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Jupiter Global Equity Fund | 356.799.901 | 680.829.867 |
| Jupiter European Equity Fund | 0 | 304.843.231 |
| T Rowe Price Funds SICAV - Global Equity Fund | 157.195.395 | 0 |
| Carnegie Worldwide Fund | 202.454.223 | 0 |
| | 716.449.519 | 985.673.098 |

Erlendir sjóðir með skuldabréfum:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| SPDR Barclays Capital 1-3 month | 0 | 135.437.881 |
| | 0 | 135.437.881 |
| **Hlutdeildarskírteini og aðrir sjóðir alls** | 3.047.695.805 | 2.995.085.074 |

## 8. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Skráð | Óskráð | Samtals |
|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð: | | | |
| Skuldabréf Húsnæðisstofnunar | 5.634.941 | 0 | 5.634.941 |
| Íbúðabréf | 3.625.557.436 | 0 | 3.625.557.436 |
| Stofnlánadeild Landbúnaðarins | 13.091.888 | 0 | 13.091.888 |
| Ríkisvíxill | 0 | 0 | 0 |
| Ríkisbréf | 1.446.109.813 | 0 | 1.446.109.813 |
| | 5.090.394.078 | 0 | 5.090.394.078 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 488.538.404 | 7.161.076 | 495.699.480 |
| Skuldabréf lánastofnana | 0 | 139.632.910 | 139.632.910 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 837.342.186 | 35.580.761 | 872.922.947 |
| | 1.325.880.590 | 182.374.747 | 1.508.255.337 |
| Verðbréf með föstum tekjum alls | 6.416.274.668 | 182.374.747 | 6.598.649.415 |

## 9. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Skuldabréf sjóðfélaga | 2.433.114.290 | 2.516.050.174 |
| Önnur veðlán | 148.006.433 | 131.721.934 |
| Niðurfærsla veðskuldabréfa | (30.681.127) | (15.681.127) |
| | 2.550.439.596 | 2.632.090.981 |

## 10 Bundin innlán

Bundin innlán greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Landsbók, sparisjóðsreikningur NBI hf. | 2.367.761.423 | 2.207.687.796 |
| Innlán Arion | 1.540.381.365 | 1.358.535.309 |
| Innlán Sparisjóður í Keflavík | | 50.031.250 |
| Innlán Íslandsbanki | 0 | 250.180.208 |
| Innlán Íslandsbanki vegna Straumur | 52.495.107 | 48.152.857 |
| | 3.960.637.895 | 3.914.587.420 |

## 11 Afskriftarreikningur

Afskriftarreikningur greinist þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | (261.795.891) | (2.412.083.323) |
| Endanleg niðurf. innl. og erl. verðbréfaeignar og viðskiptakr. | 60.757.822 | 2.351.032.894 |
| Breyting niðurf. á árinu vegna verðbréfa og viðskiptakrafna | 26.126.317 | (199.237.702) |
| Afskrifuð viðskiptakrafa í lokárs | 0 | (1.507.760) |
| | (174.911.752) | (261.795.891) |

Afskriftarreikningur í árslok greinist þannig á helstu flokka verðbréfa:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla verðbréfa með breytilegum tekjum | (9.441.871) |
| Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum | (132.354.700) |
| Niðurfærsla veðlána | (30.681.127) |
| Niðurfærsla aðrar kröfur | (1.507.760) |
| Niðurfærsla iðgjaldakrafna | (926.294) |
| | (174.911.752) |

## 12 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 1.963.582.941 | 1.330.788.305 | 3.294.371.246 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 6.598.649.415 | 0 | 6.598.649.415 |
| Veðlán | 2.550.439.596 | 0 | 2.550.439.596 |
| Bundin innlán | 3.960.637.895 | 0 | 3.960.637.895 |
| | 15.073.309.847 | 1.330.788.305 | 16.404.098.152 |
| Hlutfallsleg skipting | 91,9% | 8,1% | 100,0% |

Fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum skiptast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Í USD | 368.508.027 | 212.113.066 |
| Í EUR | 540.381.401 | 1.174.455.399 |
| Í GBP | 421.898.877 | 443.018.565 |
| | 1.330.788.305 | 1.829.587.030 |

## 13 Fjárfestingar í Mezzanine sjóðum

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í fagfjárfestasjóðum Landsvaka hf., Landsbanki Mezzanine Fund I og Landsbanki Mezzanine Fund II. Sjóðirnir tóku þátt í sambankalánum með Landsbanka Íslands hf. og fjárfestu þannig í dreifðu lánasafni evrópskra fyrirtækja og er bókfærð eign kr. 421.898.877 þann 31.12.2010.

Eftir hrun Landbanka Íslands hf. í október 2008 skapaðist óvissa um eignir sjóðsins. Eignir sjóðsins voru skráðar sem eignir Landsbankans hjá vörsluaðila í Bretlandi og voru þær því frystar með öðrum eignum bankans í kjölfar hrunsins. Afborganir og vaxtagreiðslur af eignum bárust því ekki og talið var að frysting eignanna væri eina ástæða þess. Þegar frystingu eignanna lauk sumarið 2009 áttu sjóðsstjórar von á að þær greiðslur sem hefðu átt að berast á frystingatímabilinum myndu skila sér til sjóðsins. Svo varð ekki og við eftirgrennslan bárust þau svör að Slitastjórn bankans líti svo á að eignir sjóðfélaga séu í raun kröfur á bankann en ekki beint á undirliggjandi eignir og því eigi sjóðurinn að gera almenna kröfu í þrotabú bankans. Sjóðsstjórar sjóðsins eru ekki sammála því og vísa til bæði rammasamkomulags og samninga um hverja eign þar sem fram kemur að Landsbanki Mezzanine Fund sé þátttakandi í lánveitingum sem um ræðir og hlutverk bankans hafi í raun verið hlutverk umsjónar- og vörsluaðila. Bankinn hefur ekki greitt sjóðnum hlutdeild þeirra í innheimtum afborgunum og vöxtum, eins og sjóðirnir telja að ótvírætt eigi að gera samkvæmt samningum.

Þann 27. september 2010 var lögð fram stefna í héraðsdómi á hendur Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. og fleiri aðilum vegna Mezzanine sjóðanna. Ekki hefur enn verið dæmt í málinu.

Lífeyrissjóðurinn hefur ekki séð ástæðu til þess að færa niður eign sína í sjóðunum þar sem eignaréttindin eru skýr að mati þeirra sem koma að málinu fyrir hönd Landsvaka og lífeyrissjóðsins. Í þeim gögnum sem aflað hefur verið um eignir sjóðsins er ekkert sem bendir til að gera þurfi niðurfærslu á undirliggjandi eignum. Greiðslur af öllum þeim eignum eru í skilum og öll skilyrði þeirra uppfyllt.

## 14 Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding sjóðsins 20.067 milljónum króna í árslok 2010 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2010 reiknast 17.553 milljónir króna eða 2.514 milljónum króna lægri.

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2010 reiknast þannig í þúsundum króna:

| | Áfallin skuldbinding þús.kr | Framtíðar-skuldbinding þús.kr | Heildar-skuldbinding þús.kr |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 16.583.600 | | 16.583.600 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun | 1.155.557 | | 1.155.557 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda | (186.231) | | (186.231) |
| Verðmæti framtíðariðgjalda | 0 | 11.618.573 | 11.618.573 |
| | 17.552.926 | 11.618.573 | 29.171.499 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Ellilífeyrir | 15.411.823 | 8.570.647 | 23.982.470 |
| Örorkulífeyrir | 867.513 | 831.751 | 1.699.264 |
| Makalífeyrir | 3.421.959 | 1.626.750 | 5.048.709 |
| Barnalífeyrir | 206.989 | 295.259 | 502.248 |
| Rekstrarkostnaður | 158.827 | 183.038 | 341.865 |
| | 20.067.111 | 11.507.445 | 31.574.556 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (2.514.185) | 111.128 | (2.403.057) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | -12,5% | 1,0% | -7,6% |

## 15 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert tvo samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Annars vegar er um að ræða 420 milljóna króna þáttökuloforð í Framtakssjóði Íslands og hins vegar skuldbinding til kaupa í Landsbanki Private Equity Fund II að fjárhæð EUR 803 þúsund. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

| | 2010 |
|---|---|
| Heildarskuldbindingar skv. samningum | 543.898.099 |
| Fjárfestingar | (137.994.206) |
| Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum | 405.903.893 |

## 16 Aðrar kröfur

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Útistandandi kröfur vegna seldra verðbréfa ............................. | 0 | 63.959.125 |
| Viðskiptamenn v/örorkusamkomulags .................................... | 0 | 1.364.529 |
| Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða ........ | 6.492.060 | 0 |
| Krafa á L.Í. vegna endurgreiddra sölulauna og seðilgjalda .......... | 2.497.979 | 2.874.398 |
| Aðrar kröfur ........................................................................ | 0 | 223.056 |
| | 8.990.039 | 68.421.108 |

## 17 Aðrar skuldir

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Ógreidd launatengd gjöld ...................................................... | 15.104.591 | 15.088.994 |
| Lánadrottnar ........................................................................ | 1.047.716 | 986.306 |
| Skuldir vegna örorkusamkomulags ......................................... | 1.130.818 | 0 |
| | 17.283.125 | 16.075.300 |

## 18 Kennitölur

Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins

| | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 4,68% | 0,96% | -26,02% | 1,57% | 8,77% |
| Nafnávöxtun | 7,51% | 9,67% | -13,92% | 7,52% | 16,33% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár | -2,89% | -2,38% | -1,43% | 6,75% | 5,61% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 10 ár | 0,79% | 0,65% | 1,31% | 5,10% | 5,53% |
| Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbr. m/breytilegum tekjum | 13,55% | 13,06% | 31,60% | 66,55% | 63,93% |
| Skráð verðbr. m/föstum tekjum | 39,11% | 34,96% | 12,10% | 10,16% | 12,55% |
| Óskráð verðbr. m/breytil. tekjum | 6,54% | 7,13% | 6,78% | 3,02% | 7,39% |
| Óskráð verðbr. m/föstum tekjum | 1,11% | 1,09% | 1,73% | 3,72% | 2,27% |
| Veðlán | 15,55% | 17,59% | 18,59% | 16,55% | 13,86% |
| Bundin innlán | 24,14% | 26,17% | 29,21% | 0,00% | 0,00% |
| Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 89,31% | 87,77% | 88,80% | 76,17% | 76,93% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 10,69% | 12,23% | 11,20% | 23,83% | 23,07% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðsfélaga | 565 | 535 | 579 | 579 | 559 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 143 | 137 | 126 | 113 | 103 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir | 80,83% | 82,80% | 83,30% | 84,50% | 84,20% |
| Örorkulífeyrir | 8,55% | 7,10% | 6,90% | 6,20% | 6,30% |
| Makalífeyrir | 8,96% | 8,60% | 8,40% | 8,60% | 9,00% |
| Barnalífeyrir | 1,66% | 1,50% | 1,40% | 0,60% | 0,50% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | -7,60% | -13,60% | -14,90% | -0,50% | -0,90% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | -12,50% | -21,70% | -27,30% | 19,30% | 19,20% |